

## Námsleið: Leikhústækna

### Markmið

- Að styrkja sviðsmenn og starfsmenn leikmunadeilda leikhúsa í starfi með aukinni þekkingu og færni
- Að leikhúsin hafi ævinlega á að skipa hæfum einstaklingum sem eru tilbúnir að takast á við ný verkefni og störf á hverjum tíma

### Fyrirkomulag náms

Um er að ræða nám ætlað sviðsmönnum og starfsmönnum leikmunadeilda leikhúsa. Námið er alls 68 klst. auk 16 klst. valáfanga sem felst í kynnisferð erlendis og er háð styrkjum. Miðað er að því að kennt verði samfellt í 2-3 daga á hvorri önn í samráði við leikhúsin. Námsmat verði í formi verkefna, umræðna og sjálfsmats.

Að undirbúningi námsleiðarinnar komu: Hallur Helgason, Heimir Logi Gunnarsson og Trygve Jónas Eliassen frá Þjóðleikhúsi, Kristinn Karlsson og Friðþjófur Sigurðsson frá Borgarleikhúsi, Hulda A. Arnljótsdóttir frá Starfsmennt og Árný Elíasdóttir ráðgjafi.

Við undirbúning var haft samráð við leikhússtjóra Þjóðleikhúss og Borgarleikhúss. Leitað var upplýsinga og möguleika á samstarfi við Fræða og framkvæmdabrauta við Listaháskóla Íslands og Exton, fyrirtækið sem haldið hefur námskeið fyrir sviðsmenn á undanförunum árum. Skoðaðar voru námslýsingar á námsbrautum fyrir leikhústækna á Norðurlöndum og námskrár í Iðnskólanum, námskeið hjá Starfsmennt og Vinnueftirlitinu ásamt lögum um vinnuvernd. Lagt var til að framkvæmd væri í höndum Listarháskóla Íslands sem nýtti og samræmdi þverfaglega þekkingu fagfólks á þessu sviði.

### Tillögur að námsþáttum

Námsþættir	Lengd klst.
Sjálfsstyrking og samskipti	16 klst.
Líkamsbeiting	4 klst
Öryggismál (stærð fer eftir umfangi efnis)	(4) – 8 klst.
Eðlis- og efnafræði, burðarþolsfræði, sviðstækni	8 klst.
Praktísk ráð í þípulögnum, smíði, málun og logsuðu	12 klst.

<b>Sviðsetning/Sviðstækni – rými, ljós og hljóð</b>	8 klst.
<b>Kynning/starfsþjálfun erlendis- VAL, háð styrkjum</b>	( 2 dagar/16 klst.)
<b>Ágrip af leiklistarsögu – val</b>	8 klst.
<b>Verkefnastjórnun</b>	4 klst.
<b>Samtals</b>	68 klst. + 16 klst. val

## Sjálfsmynd og samskipti (16 klst.)

### Markmið

Að starfsmenn

- auki sjálfstraust sitt og árangur í starfi
- auki hæfni sína og vilja til samvinnu á vinnustað
- geti tekið tillit til sjónarmiða annarra og sett sig í spor annarra
- hafi vald á undirstöðuatriðum jákvæðra tjáskipta og hvernig hægt er að forðast misskilning

### Námslýsing

Námskeiðið miðar að því að auka sjálfstraust einstaklinga, gera þá öruggari og ánægðari með sig og kenna ýmsar aðferðir til að ná þeim markmiðum. Þátttakendur eru vaktir til vitundar um tengsl jákvæðrar sjálfsímyndar og góðra samskipta. Mótun og inntak sjálfsímyndar skoðað, sýnt fram á að hún er lifandi og breytanleg og rýnt í mikilvægi samspils hugsunar og hegðunar. Aðferðir og æfingar í markmiðssetningu og ákveðniþjálfun.

### Fyrirkomulag

Byggt á lifandi samræðum kennara og þátttakenda.  
Námskeiðið var haldið í júní 2007.

## Líkamsbeiting (4 klst.)

### Markmið

Að starfsmenn:

- þekki undirstöðuatriði líkamsbeitingar við störf
- kunni hvernig á að beita líkamanum við erfiðisvinnu og álag

### Námslýsing

Farið er í öll helstu atriði er varða líkamsbeitingu og hvernig komast má hjá álagsmeiðlum. Uppbygging líkamans með áherslu á vöðva, liði og hrygg. Verklef þjálfun í að lyfta og færa hluti. Farið er yfir hjálpartæki, af hverju þau eru notuð og af hverju ekki.

**Fyrirkomulag:** Fyrirlestrar og æfingar.

## Öryggismál á leiksviði (4 klst eða 8 klst.)

### Markmið

Að starfsmenn

- þekki til laga og reglna um vinnuvernd, umhverfis- og öryggismál á vinnustað
- geri sér grein fyrir sjúkdóms- og slyshættu sem kann að stafa af störfum þeirra.
- kunni meðferð hættulegra efna
- þekki til áhættumats

### Námslýsing

Farið verður í vinnuvernd, öryggismál, meðhöndlun hættulegra efna ásamt áhættumati. Bæði verði hugað að velferð einstaklingsins og aðbúnaði í vinnunni og kynnt reglufyrirkomulag, t.d. erlendis frá.

**Fyrirkomulag:** Fyrirlestrar og verklegar æfingar.

## Eðlis- og efnafræði, burðarþolsfræði og sviðtækni (8 klst.)

### Markmið

Að starfsmenn

- auki þekkingu sína á eðlis- og efnafræði og burðarþolsfræði sem nýtist á vinnustað
- átti sig á hvernig ýmis efni haga sér s.s. við ljós, hita, kulda.
- fái upplýsingar um það nýja sviðtækni sem nýtist við störf þeirra

### Námslýsing

Farið er yfir krafta og kraftvektora, jafnvægi, þyngdarpunkta, þrýsting og átök við að lyfta, toga og strengja. Einnig er farið yfir grundun á stögum, undirstöðum og staurum ásamt uppsetningu og frágangi á stögum, stífum, turnum og staurum. Fjallað er um stefnu og halla staga, krafta í stífum og stögum. Fjallað er um álag.

Einnig er farið yfir helsta búnað og verkfæri sem notuð eru við reisingu á turnum og strengingu leiðara. Línur og strekking þeirra.

Flutningur á efni og búnaði. Meðhöndlun og umhirða á vírum, tógi og línunum.

Klif í staurum, vinna í staurum. Útdráttarbúnaður, strengingarverkfæri, sigmæling og sigtafla.

### Fyrirkomulag

Fyrirlestrar og verklegar æfingar.

Lagt til að unnið verði í samvinnu við Iðnskólann og Exton.

## Praktísk ráð í pípulögnum, smíði, málun og logsuðu (12 klst.)

### Markmið

- Að starfsmenn miðli sín á milli praktískum ráðum í verklegum þáttum er skipta máli í starfi

### Námslýsing

Fengist við lausnir á praktískum vandamálum er tengjast smíði, pípulögnum, málun og logsuðu. Gert er ráð fyrir fræðilegu innleggi í ½ dag og vinnusmiðju þar sem fjallað er um hagnýtar aðferðir og skiptist á skoðunum eða raunhæfum dæmum.

### **Fyrirkomulag**

Vinnu- og samráðsdagur sem miðar að því að starfsmenn miðli sín á milli góðum ráðum í tengslum við ýmsa verklega þætti í starfi. Sérfræðingar kallaðir inn efitr þörfum.

## **Sviðstækni /Sviðsetning - rými, ljós og hljóð (8 klst.)**

### **Markmið**

- Að starfsmenn öðlist innsýn í þá möguleika sem hljóð, rými og ljós hafa upp á að bjóða
- Að þekkja tæknilegar útfærslu á sviði s.s. burðarbol, upphengjur og frágang Unnið í samvinnu við Listaháskóla Íslands sem kallar til sérfræðingar s.s. Extor, fulltrúa björgunarsveita og leikmyndakennara skólans. Unnið í samvinnu við Iðnskólann

## **Kynning/starfspjálfun erlendis (16 klst.)**

### **Markmið**

Að starfsmenn:

- kynnist leikhústækni hjá leikhúsum erlendis sem lengst þykja komin á þessu sviði s.s. Óperuhúsið í Kaupmannahöfn
- kynnist leikhústækni hjá leikhúsum erlendis sem búa við svipaðar aðstæður og leikhús hérlendis
- kynnist nýjustu aðferðum í meðhöndlun leikmynda
- kynnist nýjum brellum sem tengjast leikhúsi
- kynnist nýjungum í drappingum

### **Fyrirkomulag**

Tveggja daga heimsókn þar sem starfsmenn fá að kynnast ofangreindum þáttum m.a. með því að fylgjast með undirbúningi og framkvæmd sýningar. Þessi námsþáttur er háður styrkveitingum.

## **Ágrip af leiklistarsögu (8 klst.)**

### **Markmið**

- Að starfsmenn fái innsýn í þróun leiklistar

### **Lýsing**

Farið verður í þróun leikhúss og leiklistar frá leikhúsi Grikkja til nútíma og samtíma leiklistar

### **Fyrirkomulag**

Fyrirlestrar og umræður

## **Verkefnastjórnun (4 klst.)**

### **Markmið**

- Að starfsmenn öðlist grunnþekkingu á verkefnastjórnun og hagnýtum aðferðum við stjórnun verkefna

**Námslýsing**

Fjallað er um undirstöðuatriði verkefnastjórnunar, skipulag og samvinnu við aðra aðila verkefnis.

**Fyrirkomulag**

Fyrirlestrar og æfingar.